




2



Tákn með tali



MENNTAMÁLASTOFNUN

Björk Alfreðsdóttir
Sigrún Grendal

2

Tákn með tali orðabók

Sigurborg I. Sigurðardóttir
teiknaði táknmyndir



MENNTAMÁLASTOFNUN

Heimilt er að ljósrita tákmyndirnar

Tákn með tali orðabók 2

ISBN 978-9979-0-2282-4

© 1998, 2005 Björk Alfreðsdóttir og Sigrún Grendal

© 1998, 2005 teikningar tákmynda: Sigurborg I. Sigurðardóttir

© 1998 teikningar: Þóra Sigurðardóttir

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir

Kápa: Námsgagnastofnun

1. útgáfa 1998

2. útgáfa 2005

Menntamálastofnun

Kópavogi

Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun

Efnisyfirlit

I. hluti

Yfirlit yfir efnisflokka	4
Inngangur	5
Hvað er tákni með tali – TMT	6
TMT og tákni máli heyrnarlausra	7
Aukin tjáskipti	7
Hvenær getur barn byrjað að læra TMT?	8
Hvar og hvernig er best að byrja að kenna TMT?	9
Val tákna	9
Fyrstu tákni	10
Fjöldi tákna	10
Raunhæf markmið	10
Nokkur mikilvæg atriði	11
Notkun tákna í leikskóla/skóla	12
Veggspjöld	13
Söngvar	14
Samverustundir	14
Bækur	14
Spil	15
Nöfn	15
Algengar setningar	15
Orðabók	16
Samvinna	16
Lokaorð	17
Heimildir og ábendingar um lesefni	18
Verkefni og hugmyndir	19

II. hluti

Orðalisti, stafrófsröð	29
Orðalisti, efnisflokkar	37
Tákni myndir	

Yfirlit yfir efnisflokk

	Nr.
1. Dýr	1–40.10
2. Farartæki	41–59.6
3. Fatnaður	60–99.3
4. Hljóðfæri	100–107.2
5. Innanstokksmunir	
A) Eldhúsáhöld	108–122.9
B) Húsgögn	123–130
C) Snyrting	131–149.6
D) Heimilistæki	150–165
E) Annað	166–182.13
6. Leikföng og leiktæki	183–216.2
7. Matur	
A) Ávextir og grænmeti	217–235.7
B) Drykkir	236–246
C) Ýmis matur	247–268.19
8. Persónulegir munir	289–315
9. Persónur	
A) Fjölskyldan	316–332.4
B) Starfsheiti	333–359
C) Ýmsar persónur	360–371.29
10. Skóli	
A) Áhöld	372–383
B) Námsgreinar	384–394.1
C) Annað	395–405.3
11. Tímahugtök	
A) Vikudagar	406–412.7
B) Mánuðir	413–424.1
C) Árstíðir	425–428
D) Ýmis tímahugtök	429–451.2
12. Tómstundir	
A) Íþróttir	452–475.7
B) Leikir	476–483
C) Annað	484–493.4
13. Trú og trúarbrögð	494–507
14. Umhverfið	
A) Mannvirki	508–532.10
B) Náttúran	533–555.4
C) Veður	556–561.2
15. Verkfæri og áhöld	562–590
16. Önnur nafnorð	591–600.5
17. Ýmis smáorð	601–624.10
18. Lýsingarorð	
A) Litir	625–637.4
B) Ýmis lýsingarorð	638–682.20
19. Sagnorð	683–790.37
20. Tákn tengd líkama	791.1–791.19
21. Algeng orðasambönd	792.1–792.24

Fyrsta útgáfa orðabókarinnar Tákni með tali kom út árið 1998. Þær framúrskarandi móttökur sem bókin fékk sýndu greinilega þörfina á slíku efni. Tákni með tali, TMT, er í stöðugri þróun sem óhefðbundin tjáskiptaleið og er orðin edlilegur þáttur í daglegu lífi margra einstaklinga, fjölskyldna þeirra og stofnana. Þessi þróun kallar á stöðugt endurmat og endurbætur á því efni sem til er um TMT.

Fljótlega kom fram eftirspurn um viðbót við fyrstu útgáfu orðabókarinnar. Okkur til mikillar ánægju ákvað Námsgagnastofnun að bregðast við þeim ábendingum og var hafist handa um að safna hugmyndum að táknum sem vantaði meðal fagfólks og fjölskyldna sem nota TMT. Undirtektir voru góðar og viljum við undirritaðar þakka öllum þeim sem aðstoðuðu okkur við gerð þessarar bókar.

Það er von okkar að bókin verði áfram sá gagnagrunnur sem notendur TMT geta treyst og leitað í bæði til fróðleiks um myndun einstakra tákna og einnig sem uppsláttarrit um hugmyndir og vinnubrögð sem henta í tengslum við TMT.

Viðbótartáknin í bókinni eru flest fengin frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Í samráði við sérfræðinga þar eru sum tákni einfölduð og löguð að getu og þörfum þeirra er nota TMT.

Sérstakar þakkir fyrir gott samstarf viljum við færa sérfræðingum á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og Sigurborgu I. Sigurðardóttur, sem teiknaði öll tákni.

Sigrún og Björk

Inngangur

Tákni með tali 2 er endurskoðuð útgáfa af orðabókinni Tákni með tali sem kom út hjá Námsgagnastofnun 1998. Í þeirri útgáfu var stuðst við efnið Íslenskar tákni myndir og Tákni myndir, flokkur A og B, sem Námsgagnastofnun gaf út 1984 og hafði til hliðsjónar danskt efni.

Tákni með tali 2 skiptist í tvo hluta. Í fyrri hlutanum er sagt frá uppbyggingu og tilgangi TMT og fjallað í örstuttu máli um innlögn og þjálfun. Þar má einnig finna dæmi um verkefni og tvenns konar orðalista yfir tákni. Annars vegar er táknumum raðað eftir stafrófsröð, hins vegar eftir efnisflokkum t.d. dýr, farartæki, föt o.s.frv. Öll tákni eru númeruð svo að auðvelt er að finna tiltekið tákni og til að auðvelda leit enn frekar er í mörgum tilvikum vísað á samheiti orða sem ekki var áður.

Í Tákni með tali 2 hafa bæst við 274 tákni svo að samtals eru tákni nú 1064. Viðbótartáknunum er bætt aftast í efnisflokkana. Þá hefur verið bætt við tveimur efnisflokkum, þ.e. táknum yfir líkamsheiti og hugtök tengd líkamanum, en slík tákni eru iðulega notuð til að tákna nöfn á fólki. Í hinum flokknum eru tákni yfir algeng orðasambönd. Í seinni hlutanum er tákni myndasafnið.

Ljóst er að bók sem þessi getur aldrei orðið tæmandi listi yfir öll tákni sem eru notuð heldur verður hún fyrst og fremst gagnagrunnur sem hægt er að leita í. Við val á táknum í báðar bækurnar var stuðst við ábendingar og óskir frá fagfólki og foreldrum barna sem nota TMT. Kannad var hvaða tákni brýnast var að hafa með og reynt að bregðast við óskum eftir því sem kostur er. Aldrei verður samt hægt að komast hjá því að laga þurfi ýmis tákni og notkun kerfisins að þörfum ólíkra einstaklinga. Því er mikilvægt er að þeir sem kenna TMT kynni sér vel hugmyndafræðina sem liggur að baki.

Orðabókin Tákni með tali 2 er einkum ætluð fagfólki, foreldrum og fjölskyldum þeirra sem nota TMT svo og öðrum sem hafa áhuga á að kynna sér óhefðbundnar tjáskiptaleiðir. Bókin er eins konar uppsláttarrit þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um TMT, hverjir geti einkum nýtt sér það og hvernig það

er notað í daglegu lífi og skólstarfi. Efnið er sett þannig upp að auðvelt er að ljósrita tákinn, stækka þau og minnka, t.d. við gerð verkefna, söngbóka eða sögu- og dagbóka. Forrit sem fylgir efninu er líka afar heppilegt til slíkrar vinnu. Aðferðirnar nýtast að sjálfsögðu bæði börnum og fullorðnum sem nota TMT þótt í textanum sé yfirleitt vísað til barna.

Yfirlitsblað yfir skýringar á ýmsum merkingum sem eiga að sýna hvernig tákinn eru mynduð fylgir. Í neðsta reit á sumum blöðunum eru frekari skýringar og ábendingar um hvernig tákinn eru notuð og gerð. Í nýju útgáfunni eru samsett tákni teiknuð hlið við hlið í stað þess að vera hvort neðan við annað. Þau geta því náð yfir tvo eða þrjá reiti eftir fjölda tákna. Þá má geta þess að tvö tákni eru yfir dagana, þ.e. tákni sem byggjast á stafrófi heyrnarlausra og tákni sem vísa í merkingu daganna. Síðari aðferðin hentar oft betur ungum notendum.



borða



synda

Náttúruleg tákni eru til dæmis synda, líkt er eftir handatökum í bringusundi og borða, hendi færð að munni.

Sá sem kennir TMT hægir ósjálfrátt á talhráðanum, talar skýrt og leggur áherslu á lykilorð setningarinnar.

Hvað er tákni með tali – TMT

Tákni með tali er tjáningarform ætlað heyrandi fólki sem á við mál- eða talörðugleika að stríða. Það byggist á samblandi af látbrigðum, táknum og tali. Með látbrigðum er átt við látbragð og svipbrigði sem yfirleitt eru sýnd um leið og tákni eru gerð og undirstrika þannig merkingu þeirra.

Táknunum er skipt í náttúruleg tákni sem byggjast aðallega á því að athöfn er leikin og eiginleg tákni sem flest eru fengin að láni úr táknmáli heyrnarlausra. Í TMT eru tákni alltaf notuð samhliða töluðu máli og aðeins lykilorð (aðaláhersluorð) hvernar setningar eru táknuð. TMT er leið til tjáskipta jafnframt því sem hún örvar málvitund og málskilning barnsins.

Flestir nota látbrigði og náttúruleg tákni í daglegum samskiptum án þess að vera sér meðvitandi um það. Þeir kinka kolla um leið og þeir segja já, hrista höfuðið þegar þeir segja nei, vinka og segja bless, yppa öxlum þegar þeir vita ekki eitthvað o.s.frv. Þegar nota á TMT eru þessar hreyfingar sá grunnur sem byggt er á, notkun þeirra verður meðvitund og markviss, táknum bætt við og aðferðin löguð að þroska og þörfum viðkomandi barns.


Tákni í TMT geta verið bæði myndræn og lýsandi. Með því að nota þau samhliða tali eru orðin gerð „sýnileg“ en margir sem nota TMT eiga auðveldara með að læra og til-einka sér ný hugtök með sjónrænum stuðningi. Sá sem kennir TMT talar yfirleitt hægt og skýrt og leggur áherslu á lykilorðið í setningunni, það er orðið sem hann vill að viðmælandinn skilji. Hann leggur jafnframt áherslu á og gerir sýnileg öll atkvæði orðsins um leið og hann tákni það. Að útfæra tákni með höndunum er mun auðveldari hreyfing en að segja orðið sjálft. Það eru því meiri líkur á að tilraunir barnsins til tjáskipta beri oftár árangur noti

það tákni. Þegar barn finnur að tilraunir þess til tjáskipta bera árangur verður það áræðnara og reynir aftur. Til að barn nemi táknið þarf það að horfa á þann sem talar við það. Áhersla á augnsamband stuðlar að betra sambandi við barnið og hvetur til tjáskipta.

TMT og táknmál heyrnarlausra

Aðalmunurinn á TMT og táknmáli heyrnarlausra er sá að í TMT eru táknið ávallt notuð samhliða tali. Táknin eru stuðningur við íslenskt talmál en aðeins lykilorð hvernar setningar er táknað. Oftast er stefnt að því að barnið læri að tala.

Íslenska táknmálið er hins vegar mál heyrnarlausra Íslendinga og hefur þróast í samfélagi þeirra. Það er sjálfstætt mál, sem er gjörólíkt íslensku talmáli, með eigin málfræði og setningafræði. Táknmál er heyrnarlausum jafn mikilvægt og talmálið er heyrandi fólki.





Aukin tjáskipti

Á undanförunum árum hefur skilningur á mikilvægi tjáskipta aukist og þróaðar hafa verið hefðbundnar tjáskiptaleiðir sem njóta nú almennrar viðurkenningar. Má þar nefna táknmál heyrnarlausra, tákni með tali – TMT – og ýmiss konar táknmyndakerfi svo sem Bliss, PCS (Picture Communication Symbols) og Pictogram. Oft eru þessar aðferðir notaðar saman og styrkja þá hver aðra, t.d. TMT og myndir (PCS). Dæmi:




Ég fer í leikfimi.




Áður héldu margir að notkun tákna kæmi í veg fyrir að börn lærðu að tala. Reynslan, svo og rannsóknir*, hafa hins vegar sýnt að óhefðbundnar leiðir auka færni barnsins í tjáskiptum og efla málskilning þess.

Mörg fötluð börn hafa slakan málskilning og eiga þar af leiðandi erfitt með að vinna úr töluðu máli. Orð eru huglæg og því getur reynst erfitt að skilja þau ein sér. Auk þess eiga mörg börn í erfiðleikum með að greina á milli líkra orða, svo sem súpa og sápa, bolti og bolli. Með því að gera orðin myndræn og hlutbundin, stytta orðaflauminn og tala skýrt er hægt að auðvelda börnunum að skilja það sem sagt er. Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir hafa þann tilgang að gera orð myndræn og sýnileg og opna leiðir fyrir börn til tjáskipta jafnvel löngu áður en þau eru fær um að segja sitt fyrsta orð.



*Johansson, I. (1990). Contributions of Language to Cognitive Development. Útgáfa frá fjórða þingi ISAAC í Stokkhólmi. Bls. 226.

TMT er hentug tjáskiptaleið fyrir mörg fötluð börn enda er tiltölulega auðvelt að tileinka sér notkun hennar frá fyrsta aldursári. Flestum börnum er kennt að sýna



hvað þau eru stór, vinka bless, klappa saman lófunum, rétta hendurnar fram þegar þau vilja láta taka sig o.s.frv. Ýmislegt annað en orðin ein hjálpar barninu að skilja fyrirmælin. Þegar barn er t.d. beðið að ná í ákveðinn hlut, svo sem skóinn sinn, fylgir fyrirmælunum venjulega bending og ákveðin blæbrigði í röddinni. Barnið les úr þessu öllu og fer og nær í skóinn sinn. Þegar um er að ræða

fatlað barn má segja að sama aðferð sé notuð en nú er henni beitt markvisst og hún löguð að þroska barnsins.

Samspilið milli foreldra og barns á fyrstu mánuðum þess felst að verulegu leyti í tjáskiptum sem frekari þroski byggist á. Foreldrar verja þá iðulega miklum tíma í leiki með börnum sínum, búa til hljóð og hreyfingar, hlusta og herma eftir því sem þau heyra o.s.frv. Á þessu tímabili eiga foreldrar oftast auðvelt með að kenna barninu ný tákni því að það virðist falla eðlilega að samspili þeirra.



Þannig venst barnið því strax frá unga aldri að sjá tákni í umhverfi sínu og þykir það eðlilegt. Foreldrar ungbarna virðast ekki eins feimnir að nýta sér látbragð og bendingar talmáli sínu til stuðnings eins og síðar vill verða. Það er því margt sem mælir með að byrjað sé sem fyrst að kenna börnum TMT. Bæði foreldrar og barn fá þá tækifæri til þess að þjálfa sig í tjáskiptaleið sem þau geta notað eins lengi og þörf krefur.

Hvenær getur barn byrjað að læra TMT?

Í kaflanum hér á undan kemur fram að hægt er að byrja að nota TMT með mjög ungum börnum. Í ljósi þess hversu þýðingarmikil fyrstu árin eru fyrir málþroska barnsins er mikilvægt að hefja markvissa málörvun sem allra fyrst. Á það ekki síst við um fatlað barn eða barn sem er í áhættuhópi hvað málþroska varðar. Oft er erfitt að átta sig á um hvers konar þroskaröskun er að ræða hjá barni og þar af leiðandi er ekki alltaf hægt að hefja viðeigandi þjálfun eins snemma og æskilegt er. Sum börn eru þó líklegri til að eiga við tal- og málörðugleika að stríða en önnur. Sem dæmi má nefna börn með Downs-heilkenni. Fötlun þeirra greinist venjulega fljótt eftir fæðingu og þá er strax vitað um ýmsa þroskaþætti sem huga þarf að. Fötlunin birtist m.a. í varanlegum erfiðleikum við að skilja talmál og að tala. Reynslan hefur sýnt að TMT virðist henta mörgum þeirra vel.



Sum byrja að læra TMT strax á fyrsta aldursári og geta nýtt sér það löngu áður en þau segja sitt fyrsta orð. Hið sama má segja um mörg önnur börn sem eiga í erfiðleikum með tal og tjáskipti.

Best er að markviss þjálfun hefjist á barnsaldri. Þjálfun sem hefst síðar á lífsleiðinni getur einnig skilað góðum árangri, jafnvel þó komið sé fram á fullorðinsár. Mál-tækið „betra seint en aldrei“ á því sannarlega við hér.

Hvar og hvernig er best að byrja að kenna TMT?

Ef byrjað er að kenna barni TMT á fyrsta eða öðru aldursári, fer kennslan aðallega fram heima. Þegar barnið eldist bætast aðrir staðir við, svo sem dagvist, leikskóli, grunnskóli og jafnvel vinnustaður.


Í byrjun sjá foreldrarnir að mestu um kennsluna. Mikilvægt er þó að öll fjölskyldan taki virkan þátt í henni, sé dugleg að nota táknið og hjálpist að við að gera TMT að eðlilegum þætti í daglegu lífi barnsins. Þegar talað er um fjölskylduna er átt við alla sem umgangast barnið, svo sem systkini, frændfólk, afa og ömmu og vinafólk. Það er örvandi fyrir bæði barn og foreldra að sjá sem flesta í umhverfinu nota táknið. Þá skiptir ekki meginmáli fjöldi tákna sem notaður er heldur viðleitnin og jákvætt viðhorf. Börnin læra táknið í daglegu umhverfi sínu á sama hátt og þau læra að tala. Fólk tákna og talar um það sem því liggur á hjarta hvort heldur er heima eða heiman, t.d. í pössun hjá afa og ömmu. Þannig læra börnin táknið við eðlilegar aðstæður og að nota þau á mismunandi stöðum og með mismunandi persónum.

Mikilvægt er að allir sem umgangast barnið taki virkan þátt í að nota TMT.

Val tákna

Aldur, áhugi og þroski barnsins ræður mestu um það hvaða tákni eru tekin fyrir. Mikilvægt er í byrjun að reyna að átta sig á hvaða tákni það eru sem barnið hefur mest gagn af og hvaða tákni gætu vakið áhuga þess. Einnig verða táknið að vera í samræmi við reynsluheim barnsins. Hreyfifærni þess hefur jafnframt áhrif á val tákna og mikilvægt er að einfalda og laga táknið að hverju barni.

Barnið lærir táknið smám saman við að sjá þau aftur og aftur. Æskilegt er að þau lærist við eðlilegar aðstæður og tengist athöfnum daglegs lífs. Að borða, baða sig og sofa eru dæmi um athafnir sem gott er að byrja á að tákna. Sumar athafnirnar eru endurteknar oft á dag og táknið því líka ef þess er gætt að nota þau.



Æskilegt er að táknið lærist við eðlilegar aðstæður.

Í byrjun stjórna hinir fullorðnu því hvaða tákni eru kennd. Eftir því sem áhugi barnsins fyrir umhverfinu eykst hefur það sjálft meiri áhrif á val tákna. Þá þarf að sýna barninu hvernig það getur tjáð hugmyndir sínar og óskir. Ef barnið veitir athygli bíl sem það heyrir í, gæti hinn fullorðni sagt og táknað um leið „sjáðu bílinn“, og á sama hátt ef barnið teygir sig í áttina að kexskálinni „viltu kex“? Mikilvægt er að vera vakandi fyrir óvæntum atvikum eða nýjum aðstæðum og nýta eins vel og kostur er í kennslunni. Á þann hátt er barninu kennt hvernig það getur tjáð sig og um leið er ýtt undir frumkvæði þess til tjáskipta.



duglegur



góður



týndur



detta

Fyrstu tákni

Fyrstu tákni sem barnið lærir eru tákni sem tengjast daglegum athöfnum. Önnur tákni sem margir leggja áherslu á með ungum börnum eru: gráta, góður (aaaaa..., strjúka kinnina), bless (vinka), takk, detta, duglegur, stór, já, nei, týndur og allt búið. Ekki má gleyma táknum fyrir mömmu og pabba og aðrar mikilvægar persónur í lífi barnsins.

Þegar barnið fer að sýna leikföngum og öðrum hlutum áhuga bætast heiti þeirra í hópinn. Sími, bolti, bíll, dúkka, bók, kubbar og ýmis dýr eru dæmi um slík tákni.

Fjöldi tákna

Það er einstaklingsbundið hve ört ný tákni eru kynnt. Í sumum tilvikum getur verið gott að taka fyrir tiltekið tákni og æfa það markvisst við ólíkar aðstæður. Eftir vissan tíma er svo öðru tákni bætt við. Í öðrum tilvikum getur verið æskilegt að taka fyrir nokkur tákni í einu og þjálf þau tiltekinn tíma áður en nýjum táknum er bætt við. Þessi aðferð þarf ekki að gera meiri kröfur til barnsins heldur sér það fleiri tákni í daglegri notkun.

Oft getur liðið töluverður tími frá því að byrjað er að nota TMT þangað til barnið sjálft fer að nota tákni. Það er því mikilvægt að halda ótrauður áfram og gefast ekki upp of snemma þótt lítið virðist bóla á árangri.

Raunhæf markmið

Sumum vex í augum að byrja að nota TMT. Oftast virðist ástæðan vera sú að fólk telur aðferðina flóknari en hún er í raun og veru og sér jafnvel tákniál heyrnarlausra fyrir sér. Aðrir eru hreinlega feimnir. Það er hins vegar ástæðulaust að láta feimnina ná tökum á sér. Látbragð og bendingar eru ómissandi áhersluþættir sem skreyta tal og tjáningu fólks óháð því hvert tungumálið er. TMT er byggt á þessum grunni og er því ekki eins framandi og ætla mætti.

Til að gera byrjunina sem auðveldasta er nauðsynlegt að hver og einn setji sér markmið sem hann treystir sér til að fylgja. Gott er að byrja á því að binda notkun tákna við eina ákveðna athöfn. Matartíminn er ágætur til þess. Hægt er að byrja með táknið að borða, síðan að drekka, þá takk, búinn, meira, heitt og svo auðvitað heiti matarins. Þegar reynsla er komin á matartímann má bæta fleiri athöfnum við. Þannig fæst ákveðin og markviss stígandi í þjálfunina og enginn dagur líður án þess að TMT sé notað.

Mikilvæg atriði



Barn lærir ekki að nota TMT nema það sjái aðra gera það.

Það lærir barnið sem fyrir því er haft! Barn lærir ekki að nota TMT nema það sjái aðra nota táknið.



Ótal dæmi eru um að börn tjái sig með TMT við þá sem nota tákni í daglegum samskiptum við það en láti það ógert við aðra. Nauðsynlegt er því að sem flestir í umhverfi barnsins noti TMT eigi það að verða eðlilegur þáttur í lífi þess.



Börn þurfa að sjá táknið aftur og aftur áður en þau fara sjálf að mynda tákni. Töluverður tími getur liðið frá því að byrjað er að fást við TMT þangað til barnið fer sjálfst að mynda sín fyrstu tákni. Oft þurfum við að hjálpa því af stað með því að stýra höndum þess. Mikilvægt er að gefast ekki upp á þessu stigi heldur halda markvisst áfram.



Börn tala barnamál í táknum og táknið eru oft óskýr á sama hátt og framburður barns sem er að byrja að tala. Oftast verður myndun tákna skýrari eftir því sem þroski og samhæfing eykst. Ekki er æskilegt að leiðrétta táknið á þessu stigi heldur vera góð fyrirmynd og gera sjálfur táknið skýrt og greinilega. Hluti barna mun alltaf nota sín persónulegu tákni, það er tákni sem eru verulega löguð að þörfum þeirra og getu.



Börn ráða fyrst við einfaldar hreyfingar. Auðveldara er t.d. að gera tákni þar sem líkamshlutar snertast en tákni sem gerð eru í lausu lofti. Einnig virðist auðveldara fyrir þau að gera tákni þar sem þau sjá hvað hendurnar gera og tákni þar sem báðar hendur gera sömu hreyfingu. Samsett tákni, þ.e. tákni sem eru sett saman úr tveimur mismunandi táknum, reynast sumum börnum erfið og getur þá þurft að einfalda þau. Dæmi:



jólaveinn



jólaveinn



jólaveinn

Táknið fyrir jólavein er samsett úr táknum fyrir skegg og poka. Til einföldunar er hægt að nota eingöngu annað táknið.

Verum óhrædd að sýna sveigjanleika við myndun tákna og virðum allar tilraunir barnsins til tjáskipta.




Þegar sum börn byrja að læra TMT verða þau svo upptekin af hreyfingu tákanna að um tíma virðist draga úr hljóðmyndun og tali. Þetta er þó aðeins tímabundið ástand og ekki óalgengt að á meðan nýir hlutir lærast falli aðrir í skuggann.



Sum fötluð börn eiga erfitt með að vinna úr hljóðum og táknum (hreyfingum) samtímis, það verður of ruglingslegt. Þá er mikilvægt að skilja þessa tvo þætti að. Þegar nota á TMT með þessum börnum er æskilegt að mynda táknið fyrst og segja svo orðið á eftir, eða öfugt þ.e. segja fyrst orðið sem á að tákna og mynda síðan táknið.



Eftir að hafa notað TMT í nokkurn tíma fara mörg börn að segja sín fyrstu orð. Smátt og smátt eykst svo talið og tjáningin verður blanda af tali og táknum. Um tíma halda þau áfram að tákna orðin um leið og þau segja þau en fljótlega tákna þau eingöngu orðin sem þau geta ekki sagt skiljanlega. Í mörgum tilvikum tekur því talið smám saman við af táknum. Þetta gerist á mislögum tíma og misjafnt hvort, hvenær og hversu vel börnin geta nýtt sér talmál. Reynslan hefur sýnt að margir hafa tilhneigingu til að hætta að nota tákni með börnunum of snemma á þessu ferli. Það er sannarlega gleðilegt að barn geti sagt tíu skiljanleg orð en þau leiða til mun takmarkaðri tjáskipta en þau e.t.v. áttatíu tákni sem barnið notaði. Tjáskiptin mega ekki verða fátækari við það að barninu hafi farið fram í tali. Látið tal og tákni vinna saman. Barnið hættir í flestum tilvikum sjálfkrafa að nota þau tákni sem það hefur ekki þörf fyrir lengur. Við þurfum ekki að taka þá ákvörðun fyrir barnið.



Notkun tákna í leikskóla/skóla

Ef barn, sem notar TMT, er í leikskóla eða grunnskóla er mikilvægt að allir sem tengjast því þar séu færir um að nota TMT og að ábyrgðin dreifist á fleiri en einn aðila. Hlutverk starfsfólksins er veigamikið. Hversu vel tekst til með TMT kennsluna og yfirfærslu tákanna í daglega lífið er algjörlega undir kennurum og öðru starfsfólki komið. Starfsfólkið er fyrirmynd barnanna í því hvernig TMT er notað, frumkvæði og kennsla er algjörlega í þeirra höndum. Ef starfsfólk leikskólans eða skólans notar ekki TMT hættir málhamlaða barnið fljótlega að nota það. Barnið notar ekki TMT nema það sjái aðra gera það.

Það er mikill stuðningur við barn sem notar tákni ef TMT er gert að edlilegum þætti í leik- og grunnskólastarfinu. Stór þáttur í því er m.a. að sjá hin börnin í hópnum nota tákni. Það eykur sjálfstraust og árædni barnsins og það fær frekar samkennd með

hinum börnunum. Börn á leikskóla- og skólaaldri hafa yfirleitt áhuga á að læra tákni og finnst það bæði spennandi og skemmtilegt. Þegar áhugi þeirra er vakinn fara þau að spyrja um tákni yfir hitt og þetta. Yfirleitt eru börnin fljóttari en fullorðna fólkið að skilja málhamlaða barnið og gera sig skiljanleg við það. Með því að virkja hópinn eignast starfsfólkið trygga og góða bandamenn í TMT-kennslunni.


Í leikskólahópum eru oft börn sem eru skammt á veg komin í málþroska og geta haft verulegt gagn af að vera í markvissu TMT-umhverfi þótt þau noti aldrei tákni sjálf. Í slíku umhverfi er markvisst fengist við málörvun og tjáningu. Lögð er áhersla á að tala í stuttum og skýrum setningum um leið og lykilorð hverrar setningar er dregið fram með því að tákna það. Þessir áhersluþættir eru tengdir allri vinnu og daglegum athöfnum sem fara fram með viðkomandi börnum í leikskólanum.

Í stórum dráttum er TMT notað á sama hátt í leik- og grunnskólanum og heima en skipan dagsins er auðvitað ólík og áherslurnar líka. Hér á eftir fara nokkrar hugmyndir um notkun TMT í leik- og grunnskóla en að sjálfsögðu geta þær einnig nýst á öðrum stöðum.



Veggspjöld

Til að minna þá sem umgangast barnið á tákni og örva þá í notkun þeirra er æskilegt að setja upp veggspjöld með viðeigandi táknum á mismunandi staði. Í matarkróknum má hengja upp töflu með táknum yfir mat og fleira sem tengist matartíma og í fataklefanum tákni yfir föt og útivist. Í skólanum má setja upp spjöld með völdum táknum, til dæmis í sérgreinastofum, svo sem í matreiðslu, tónmennt, handmennt, myndmennt og leikfimi. Þessi veggspjöld vekja iðulega áhuga hinna barnanna í hópnum á táknum, börnin fara að spyrja um þau og hugleiða hvernig þau eru notuð. Sjá hugmyndir að nokkrum veggspjöldum, sem hægt er að styðjast við, á bls. 19–22.



Söngvar

Söngvar eru góð leið til að kenna börnunum tákni. Flestum börnum finnst gaman að syngja og hreyfisöngvar höfða sérstaklega til þeirra. Foreldrar málhamaðra barna hafa lýst því hvernig barn þeirra virðist syngja „hástöfum“ með táknum þótt það gefi ekki frá sér eitt einasta hljóð. Auðvelt er að setja tákni við hvaða texta sem er, bæði barna- og dægurlög, en varast þer að tákna of mörg orð. Það getur verið nóg að tákna eitt eða tvö orð í laglínu eða jafnvel eitt eða tvö orð í laginu öllu. Það á að vera gaman að syngja með táknum.

Gefa má söngvunum tákniheiti svo barnið geti valið eða beðið um lag, sjá dæmi bls. 23–25.

Námshagnastofnun gaf á sínum tíma út bókina „Syngjum með táknum“ sem Sigurborg I. Sigurðardóttir tók saman. Í bókinni eru nokkur vinsæl barnalög með táknum sem nýtast börnum sem nota TMT. Tekið er fram í formála bókarinnar að tákni og fjöldi táknaðra orða í hverju lagi skuli lagaður að þörfum barnsins ef með þarf.



Ein ég sit og sauma



enginn kemur sjá mig



inni í litlu húsi,



nema litla músin.

Samverustundir


Samverustundir eru ákjósanlegur vettvangur til að örva notkun TMT og bæta við nýjum táknum á markvissan hátt. Ef stundirnar eru notaðar til að fjalla um ákveðið viðfangsefni og hugtök sem tengjast því er þetta sérstaklega árangursríkt. Oft reynist gott að virkja hópinn í heild í samverustundinni og leyfa málhamaða barninu að njóta sín.

Bækur

Nauðsynlegt er að kynna sér vel bók sem á að tákna og draga út lykilorðin, áður en hún er lesin fyrir börnin.

Hentugt getur verið að strika undir þau orð sem á að tákna og jafnvel líma táknimyndir í bókina. Þessi undirbúningsvinna nýtist öllum þeim sem koma til með að lesa viðkomandi bók fyrir börnin og samræmir um leið táknotkunina.

Hver bók getur haft tákniheiti svo að barnið geti valið hana eða talað um hana með nafni. Þægilegast er að hafa báðar hendur frjálssar við lestur bókarinnar til að geta táknað að vild. Til að



komast hjá því að halda á bókinni má nota t.d. nótnasta-
tíf eða annan einfaldan stand fyrir bækur.

Spil

Ýmiss konar spil eru ákjósanleg til málörvunar. Lottó-spil eru mikið notuð á leikskólum og börnin verða snemma leikin í að nota þau. Það er bæði lærdóms-
ríkt og spennandi tilbreyting fyrir hin börnin í hópnum að tengja tákn við þennan leik og gefur málhamaða barninu tækifæri til að spila á svipuðum forsendum og þau. Þá er hægt að þjálfra ákveðin setningaform með því að kenna barninu að spyrja og svara á ákveðinn hátt, ýmist með einu orði eða heilli setningu.




Hver á kisu?

Ég á kisu.

Nöfn

Börnunum í hópnum þykir gaman að eiga sitt eigið tákn. Það gefur málhamaða barninu færi á að tala við og tala um aðra með nöfnum. Þá er um að gera að nota hugmyndaflugið. Táknin geta höfðað til útlits (jákvæðra atriða) og áhugamála viðkomandi eða verið úr lausu lofti gripin. Gott er að fá börnin til að taka þátt í að búa til tákn því að þau eru ekki síður hugmyndarík en fullorðnir. Sumstaðar hefur starfsfólk sett teikningu eða skriflega lýsingu á tákni hvers barns upp í fataklefanum. Þetta hefur m.a. vakið eftirtekt og áhuga foreldra og ýtt undir forvitni og frekari umræðu um TMT.



Óli

Dæmi um hvernig hægt er að laga TMT að mismunandi þörfum. Táknid fyrir sælgæti er notað fyrir Óla. Ör er tekin burtu og staðsetning fingursins vísar nú á spékoppinn hans Óla.

Algengar setningar

Æskilegt er að taka saman yfirlit yfir setningar sem notaðar eru í daglegum samskiptum við málhamaða barnið. Um er að ræða grunnsetningar sem tengjast daglegu starfi, heima, í leikskólanum og skólanum. Nauðsynlegt er að þeir sem sinna barninu mest komi sér saman um setningar sem ber að leggja áherslu á og hvernig þær séu táknaðar. Á þann hátt má samræma notkun táknaða og hjálpa málhamaða barninu að átta sig á athöfnum dagsins. Þetta er einnig góð leið til að virkja þá sem umgangast barnið í að nota TMT. Að heilsast og kveðjast á ákveðinn hátt, bjóða til sætis og þakka fyrir matinn eru dæmi um algengar athafnir sem heppilegt er að taka fyrir í þessum tilgangi. Dæmi um setningar eru: Góðan dag,

bles og takk fyrir daginn, það er gaman að sjá þig, hvað heitir þú? hvað viltu? gjörið þið svo vel, takk fyrir matinn, til hamingju með afmælið.



Góðan dag!





Takk fyrir matinn.

Orðabók

Algengt er að útbúa sérstaka orðabók fyrir hvert barn. Í hana er safnað táknum sem barnið kann eða er að læra. Ætlast er til að bókin fylgi barninu milli staða svo að hægt

sé að fletta upp í henni og fylgjast með hvaða tákni það á að kunna og hvernig barnið sjálft gerir táknið. Oftast eru börnin stolt af bókinni sinni og hafa gaman af að sýna öðrum hvað þau kunna. Þessa bók má útbúa á ýmsa vegu og fer það gjarna eftir getu barnsins hvernig bókin er gerð. Til dæmis er hægt að ljósrita táknið úr TMT orðabókinni og setja mynd við ásamt nánari lýsingu á því hvernig barnið útfærir táknið ef með þarf.

Á svipaðan hátt er hægt að útbúa vinnubók með verkefnum og þeim setningum sem verið er að kenna. Þá má hugsa sér úrklippur, ljósmyndir eða annars konar myndir sem límdar eru í bókina og viðeigandi tákni sett við. Þannig er hægt að taka sérstaklega fyrir ákveðnar setningar eða ákveðin hugtök sjá bls. 26–28.



Dæmi um blaðsíðu úr orðabók. Til að byrja með er æskilegt að aðeins eitt tákni sé á hverri blaðsíðu.



Dæmi um blaðsíður í vinnubók. Hér eru æfðar þriggja orða setningar, kennari og barn spyrja og svara til skiptis.

Samvinna

Til að kennsla og þjálfun í TMT fari fram á markvissan hátt er nauðsynlegt að þeir sem tengjast barninu hafi samvinnu sín á milli. Æskilegt er að einn ákveðinn aðili hafi umsjón með henni. Ef barnið er í leik-, grunn- eða framhaldsskóla er edlilegt að einhver þar sinni því hlutverki. Auk reglulegra samráðsfunda getur samskiptabók milli heimilis og skóla komið sér vel. Í bókina má skrifa helstu atburði sem barnið upplifir yfir daginn. Þannig aukast líkur á að tilraunir barnsins til að segja frá þeim skiljist.

Mikilvægt er að samvinna og samræmd vinnubrögð í notkun TMT ríki innan stofnunar sem barnið eða einstaklingurinn sækir, hvort heldur það er leik-, grunn- eða framhaldsskóli eða vinnustaður. Aðstæður á hverjum stað eru misjafnar og því þarf að skipuleggja og framkvæma slíka samvinnu eins og best verður við komið í hverju tilfalli. Samvinnan getur miðast við stofnunina í heild, ein-skorðast við tiltekna deild eða deildir eða verið á milli deilda. Brýnast er að tryggja að ábyrgðin deilist á sem flesta og að skilgreina vel hlutverk hvers og eins. Setja þarf sameiginleg markmið og samræma áherslur í kennslu og notkun tákanna. Helst ættu allir, sem hlut eiga að máli, að vera með í að ákveða táknið sem leggja á áherslu á hverju sinni og fylgjast með hvort stígandi haldist í notkun þeirra.

Mikils er um vert að finna samstarfinu traustan farveg, halda t.d. sérstaka TMT fundi eða festa hluta af almennum skipulagsfundum fyrir TMT. Slíkan tíma má nota til að rifja upp táknið og bæta nýjum við. Skemmtileg hugmynd til að virkja og viðhalda áhuga manna getur til dæmis verið að draga setningu úr hatti og tákna hana. Einnig má syngja eitt eða tvö lög og tákna um leið. Algengt er að velja eitt táknið, svokallað táknið vikunnar, sem allir á staðnum eiga að læra. Þá er fengist við táknið á fjölbreyttan hátt og séð til þess að foreldrar og aðrir sem tengjast staðnum fylgja með. Þetta er góð leið til að gera TMT sýnilegra en ella og skapa umræður. Táknið vikunnar er auðvitað ekki eina táknið sem kennt er heldur er kastljósinu beint að því þá stundina. Skipuleg og samræmd vinnubrögð, ásamt skapandi og líflegu starfi, tryggja að TMT verði edlilegur þáttur í daglegu lífi, leik og starfi.

Lokaorð


Táknið í bókinni eru góður grunnur til að byggja á en mikilvægt er að laga þau að þörfum hvers notanda. Verum óhrædd að sýna sveigjanleika og nota hugmyndaflugið til að mynda ný tákni. Ef barnið hefur sjálft búið til tákni, „persónuleg tákni“, þá virðum við það. Við megum aldrei gleyma því að meginmarkmiðið með TMT er að auðvelda barninu tjáskipti eins og kostur er. Við reynum að auka tjáskiptahæfni barnsins með því að bæta við það sem barnið þegar getur.

Við fögnum hverri tilraun barnsins til að tjá sig og reynum eftir bestu getu að ýta undir frumkvæði þess. Verum ekki of fljót að grípa inn í, gefum barninu tíma, tölum það ekki í kaf.


Ef óskað er eftir nánari upplýsingum eða ráðgjöf um TMT má m.a. leita til Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins í Kópavogi, sérhæfðra talmeinafræðinga, sérfræðinga hjá ráðgjafarþjónustum sveitarfélaga og Öskjuhlíðarskóla í Reykjavík.

Heimildir og ábendingar um lesefni


- Eyrún Gísladóttir. 1985. Tákn með tali. Reykjavík. Námsgagnastofnun.
- Eyrún Gísladóttir. 2001. Tákn með tali í víðara samhengi. Talfræðingurinn – Tímarit Félags talkennara og talmeinafræðinga. 15. árg., 1. tbl.
- Hafdís Gísladóttir og Margrét Gígja Þórðardóttir. 2002. Upp með hendur. Verkefnabók í táknmáli. Reykjavík. Félag heyrnarlausra.
- Harald Mart og Nrit Eli Siverts. 1990. Tegntrening og kommunikasjon. Ósló. Universitetsforlaget.
- Joe Reichle, Jennifer York and Jeff Sigafos. 1991. Implementing Augmentative and Alternative Communication – Strategies for Learners with Severe Disabilities. Paul H. Brooks Publishing Co.
- Johansson, I. 1988. Sprákkutveckling hos handikappade barn. Lund. Studentlitteratur.
- Johansson, I. 1990. Sprákkutveckling hos handikappade barn 2 – Ordstadium – Textbok. Lund. Studentlitteratur.
- Jórunn Elíadóttir og Signý Einarsdóttir. 1995. Tákn með tali. Talfræðingurinn – Tímarit Félags talkennara og talmeinafræðinga. 12. árg., 1. tbl.
- Lena Söderberg. 1993. Livs Tecken. Stokkhólmur. Ma. Riksföreningen Autism.
- Ma. Gerd Andén og Jane Beodin. Min kropp – mina ord. Stokkhólmur. Ma. Rikisförbundet.
- Malene Riise. 1990. Total Kommunikation tegn til tale. Kaupmannahöfn. Døves Center For Total Komm.
- Nina Braadland. 1993. Tegn til tale. Ósló. Universitetsforlaget.
- Sharon L. Glennen, Denise C. DeCoste. 1996. Handbook of Augmentative and Alternative Communication. Singular Publishing Group, Inc.
- Sigrún Grendal Magnúsdóttir og Jónína G. Ingólfssdóttir. 1994. Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir – hvað er það? Tímaritið þroskahjálp. 16. árg., 3. tbl.
- Stephen von Tetz og Harald Mart. 1991. Språk og funksjonshemming. Ósló. Gyldendal Norsk Forlag.
- Stepen von Tetzener og Mogens Hygum Jensen. 1996. Augmentative and Alternative Communication – European perspectives. Whurr Publishers Ltd.
- Tákn með tali – íslensk vefsíða um TMT. Vefstjóri Inga V. Einarsdóttir. <http://www.tmt.is> (28.06.2005).
- Upp með hendur. Verkefnabók í táknmáli. <http://www.namsgagnastofnun.is/taknmal/index.htm> (28.06.2005)




hvað viltu



gjörðu svo vel



meira



búinn



heitt



duglegur



drekka



borða




morgunkorn



jógúrt




ostur



brauð




epli




takki fyrir matinn


Búðarleikur



ég vil



verslun/kaupa




hvað kostar þetta




peningar




borga




mikið/margir



meira




gjörðu svo vel



takk fyrir

Dúkkukrókur




mamma




pabbi



dúkka




litla barnið



vinur



elda




baka



vondur/reiður



góður



gaman




kaka



mjólk



kaffi



ráða



fara



taka saman


Leikfimi



röð



kennari



bolti



fótbolti




leikfimi



hlaupa




hoppa




sitja



bíða




fljótur



klifra



henda



fataklefi



yfir




upp á



undir



sturta



handklæði/purrka

Dæmi um táknheiti söngva



Hjólin á strætó



Afi minn fór á honum Rauð



Litirnir



Allir krakkar



Maí stjarnan



Fljúga hvítu fiðrildin



Sofðu unga ástin mín

Söngvar

Hér er sýnt hvernig hægt er að minna á orðin sem á að tákna.

Hann á afmæli í dag,



afmæli/afmælisdagur

hann á afmæli í dag,



dagur

hann á afmæli hann Óli,

hann á afmæli í dag.



Óli

Hér er strikað undir þau orð sem skal tákna og viðkomandi táknum komið fyrir annars staðar á blaðsíðunni.

Söngvar

Hvernig hægt er að minna á þau orð sem skulu táknuð.

Dansi, dansi dúkkan mín.

Dæmalaust er stúlkan fín.

Voða fallett hrokkið hár,

hettan rauð og kjóllinn blár.



Svo er hún með silkiskó,

sokka hvíta eins og snjó.

Heldurðu ekki að hún sé fín?

Dansi, dansi dúkkan mín.

Hér er einfaldlega strikað undir orðin sem skal tákna.



Hvað borðar strákurinn ?





Hvað borðar stelpa ?




Strákurinn borðar ...



Stelpa borðar ...





Við leikum með ...



Við drekkum ...



Við lesum ...








Við borðum ...



Á jólinum kemur ...



Í sjónum syndir ...



Stór – lítill

mismunandi mörg orð táknuð



Ég sé stórt hús







Ég sé lítinn bíl



Ég sé stórt hjól



Ég sé lítið hús



Orðalisti með táknum eftir stafrófsröð – Tákn með tali

Stafrófsröð	Nr.	Stafrófsröð	Nr.	Stafrófsröð	Nr.
að	624.1	banna	685	bolur	99.1
aðstoða (sjá hjálpa 720)		bannað (sjá banna 685)		bolur (sjá peysa 80)	
aðventa	451.1	Barbie	371.2	bora (sjá borvél 562)	
aðventukrans (sjá aðventa 451.1)	451.1	barn (sjá ungbarn 329)		borð	123
af hverju	624.2	barnapía	371.3	borða	687
af hverju (sjá hvað 609)		barnavagn	41	borðdúkur (sjá dúkur 110)	
afgreiðslumaður	333	Batman	371.4	borga	688
afi	316	baukur	600.1	borvél	562
afmæli	429	baunir	221	box	475.1
afmælisdagur (sjá afmæli 429)		bál (sjá eldur 535)		bófi	361
afsakið	792.1	bátur	42	bók	188
aftur	624.3	bátur	184	bók	290
agúrka	217	bekkur (í skóla)	405.1	bók	374
aka (sjá keyra 726)		belja (sjá kým 24)		bókasafn	512
aldur	591	belti	61	bónði	335
allir	601	benda	790.2	bragðgott	682.2
allt í lagi	792.2	bensín	592	brauð	249
allt (sjá allir 601)		ber	222	bráðum	434
alþingishús	508	ber	235.1	brjóstahaldari	65
amma	317	biblía	494	broddgöltur	40.1
andlitskrem	149.1	biðja (sjá bæn 495)		brosa	689
api	1	bikiní	62	brotinn (sjá bilaður 638)	
apótek	509	bilaður	638	bróðir	318
appelsína	218	bindi (sjá hálsbindi 63)		brunabíll	44
appelsínugulur	625	bingó	216.1	brú	513
apríl	416	bingó (sjá spil 215)		brúnn	628
armband	289	bíða	686	budda	292
Askasleikir	371.1	bílaleikur	476	buxur	66
asni	2	bíll	43	búa	690
auga	791.1	bíll	185	búa til	691
augabrúnir	791.2	bíó	486	búa um rúm	790.4
augnskuggi	149.2	bíta	790.3	búð	514
aumur	682.1	bjór	236	búðamaður (sjá afgreiðslu- maður 333)	
axlabönd	60	Bjúgnakrækir	371.5	búið	602
á eftir	430	björn	4	búið	603
á morgun	431	blað	372	byggja	692
ágúst	420	blað (sjá dagblað 294)		byrja	693
álegg	247	blaðra	186	byssa	189
álfur	360	blak	452	byssa	293
ánægður (sjá glaður 649)		blautur	639	bæn	495
ánægður (sjá glaður 650)		blár	627	börn	319
ár	432	bleia	64	dagblað	294
ávaxtasafi (sjá djús 237)		bleikur	626	dagur	435
ávextir	219	bless	792.3	dalur	534
baða	683	blokk	532.1	dans	454
baðkar	131	blóð	600.2	dansa	694
baka	684	blóm	533	dansleikur (sjá ball 484)	
bakaraofn	182.1	blómavasi	166	dapur (sjá leiður 662)	
bakari	334	blómkál	223	dáinn (sjá deya 696)	
bakpoki	291	blýantur	373	desember	424
bakvið (sjá fyrir aftan 607)		blæðingar	600.3	desilítramál	122.1
ball	484	bocchía	453	detta	695
ballett	485	bodylotion (sjá krem 149.5)		deyja	696
banani	220	bolla	248	diskur	109
band (sjá garn 563)		bolli	108	djús	237
bangsi	3	bolludagur	433	dós	122.2
bangsi	183	bolti	187	dót (sjá leikfang 199)	
banka	790.1				
banki	510				

Orðalisti með táknumum eftir stafrófsröð – Tákn með tali

Stafrófsröð	Nr.	Stafrófsröð	Nr.	Stafrófsröð	Nr.
draga (sjá toga 790.31)		fatnaður (sjá föt 69)		fullur	646
dráttarvél	45	fáni	593	fundur	405.2
drekka	697	febrúar	414	fyndinn	682.5
dreyma	790.5	feitur	682.3	fyrir aftan	607
drottning	336	fela	703	fyrir framan	608
drottning	362	fela	704	fyrirgefðu	792.5
drykkur	238	feluleikur	479	fyrstur (sjá fremstur 606)	
duglegur	640	feluleikur	480	fægiskúffa	168
dúkka	190	ferðalag	487	föndra (sjá búa til 691)	
dúkka	191	ferming	497	föndur (sjá búa til 691)	
dúkkuleikur	477	félagsmiðstöð	493.1	föstudagur	411
dúkkuleikur (sjá dúkka 191)		fiðla	100	föstudagur	412.6
dúkkuvagn (sjá kerra 196)		fiðrildi	6	föt	69
dúkur	110	fimmtudagur	410	gabba (sjá apríl 416)	
dyr	167	fimmtudagur	412.5	gaffall	112
